

# Fundargerð 73. stjórnarfundar

## Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

**Haldinn:** rafrænt á Teams

**Tími:** 1.12.2022 15:30

**Viðstaddir:** Hlöðver Stefán Þorgeirsson (HSP), Hrund Ó. Andradóttir (HÓA), Sigrún Tómasdóttir (ST), Sigurður Grétar Sigmarsson (SGS), Baldur Dýrfjörð (BD)

### Dagskrá:

**1. Fundargerð 72. stjórnarfundar**

Samþykkt.

**2. Dagskrá fræðslufundar 14. desember**

**Titill:** Fræðslufundur VAFRÍ um brunavarn og hönnun vatnsveitna með tilliti til slökkvistarfa

**Tímasetning:** Miðvikudagurinn 14. desember kl: 14:30-16:00

**Staðsetning:** Efla, Lynghálsi 4, 110 Reykjavík. Einnig verður streymt frá fundinum.

**Lýsing:**

Í desember er gott að huga að brunavörnum og efnir Vatns- og fráveitufélag Íslands því til fræðslufundar um brunavarnir í vatnsveitum í víðu samhengi. Flutt verða stutt erindi frá aðilum sem þekkja málaflokkinn út frá mismunandi sjónarhornum og í kjölfarið verða pallborðsumræður. Fulltrúar frá Slökkviliðinu höfuðborgarsvæðins, Norðurorku og Hitaveitu Egilstaða og Fella ásamt slökkviliðinu á Héraði munu fjalla um efnið og segja reynslusögur af brunaatburðum og áskoranir vatnsveitna til öflunar slökkvivatns.

Nákvæmari dagskrá verður send síðar.

Hlöðver sendir út póst til félagsmanna og Sigrún gerir viðburð á facebook.

Rætt um að VAFRÍ gæti boðið uppá smákökur, mandarínur og kaffi í kjölfar fundar. Hrund býður sig fram til þess að kaupa það. Sigrún spyr Reyni hvort þau gætu græjað kaffi/kakó.

**3. Önnur mál**

Hrund er komin með afrit af vefsíðu. Við þurfum að kaupa lénið. Farið var yfir hugmyndir sem voru á borðinu. Stjórn samþykkir að nota **vafri.is**.

Fundi var slitið kl. 16:00. Fundarritari: Sigrún Tómasdóttir, sigrunto@or.is